

Samþykkt

um fjelagsgirðing fyrir nokkrar jarðir í Tungusveit í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Hreppsnefndin í Lýtingsstaðahreppi hefir, samkvæmt girðingalögum 22. nóvember 1913, gjört eftirfarandi samþykkt um fjelagsgirðing fyrir nokkrar jarðir í Tungusveit í Lýtingsstaðahreppi.

1. gr.

Girðingin skal liggja frá suðvesturhorni girðingar Pjeturs í Teigakoti, til vesturs, sem merki ráða: 1) milli Villinganess að sunnan og Teigakots, Efrakots og Lýtingsstaða að norðan, 2) milli Hóls og Sveinsstaða, gegnt svonefndri Votulág, fyrir sunnan og ofan Sveinsstaðabæ. Þaðan í norður fyrir ofan Sveinsstaðatún, efst í Grænulág, þá skáhalt í útvestur í suðausturhorn girðingar Jóns í Árnesi, gegnt Sölvanesi. Girðingin skal vera svo vönduð, að hún sje vel fjárheld, og búast megi við sæmilegri endingu.

2. gr.

Kostnaður sá, er verður af lagningu girðingar þessarar, skal greiddur af öllum eigendum og ábúendum jarðanna: Steinsstaða, Merkigarðs, Stapa, Hjeraðsdals, Litladals, Litladalskots, Hvammkots, Hafgrímsstaða, Þorsteinsstaða, Þorsteinsstaðakots, Lýtingsstaða, Efrakots, Teigakots og Sveinsstaða, svo og þeim mönnum á nefndum bæjum, er telja fram lausafje til tíundar, þótt búlausir sjeu. Kostnaðurinn greiðist þannig, að helmingur hans leggist á jarðarhundruð, en hinn helmingurinn á lausafjárhundruð eftir framtali.

3. gr.

Skylt er öllum þeim, er á tjeðu svæði búa og fram telja, að halda girðingunni við í góðu standi, svo lengi, sem þeir teljast hafa hennar not, sbr. 5. gr.

4. gr.

Þriggja manna nefnd, er kosin sje til þriggja ára í senn, skal sjá um viðhald girðingarinnar, og jafna viðhaldskostnaðinum árlega niður á hlutaðeig-

endur, samkvæmt 2. gr., þannig, að miðað sje við framtal þeirra næsta vor, áður en aðgerðin fer fram. Nefnd þessi skal ennfremur ákveða smölun að vorinu á girðingarsvæðinu, eftir því sem hentugt þykir. Þó skal ekki oftast smala en einusinni í viku hverri, nema brún þörf krefji. Umferð með skepnur nálægt girðingunni er óheimil öðrum en þeim, sem land eiga að — aðra daga en nefndin ákveður til smölunar — og skulu allir á umferð sinni gæta varúðar við fjenaðinn. **79**
7. júní

5. gr.

Komi önnur fjárheld girðing þvert yfir Tungusveit milli Hjeraðsvatna og Svartár, innan nefnds svæðis, teljast þeir, sem fyrir norðan hana búa, ekki lengur hafa þessarar girðingar not, sbr. 3. gr., og eru þá lausir við viðhald hennar. Hið sama gildir um þá menn á svæðinu, er kunna að leggja girðingu kringum alt land sitt.

6. gr.

Nú kemur önnur þvergirðing samkvæmt 5. gr., og skulu þá þeir menn, sem enn teljast hafa hinnar fyrri girðingar not, halda henni við eftir þeim reglum, sem áður segir.

7. gr.

Eigendur og ábúendur framangreindra jarða skulu ennfremur leggja, svo fljótt sem þeir sjá sjer fært, girðingu út austan Svartár, á þeim stað sem hentast þykir, frá girðingu Jóns í Árnesi norðan að ánni á merkjum milli Hafgrimsstaða, Hvammkots og Merkigarðs.

8. gr.

Kostnaðinum, sem af lagningu og viðhaldi þessarar síðasttöldu girðingar leiðir, skal jafna niður á hlutaðeigendur, svo sem áður greinir í samþykkt þessari, þó með þeim breytingum, að frá jörðunum Sveinsstöðum, Efrakoti, Teigakoti og Lýtingsstöðum greiðist aðeins hálf tillag móts við aðrar jarðir, er samþykktin gildir fyrir.

9. gr.

Þó skulu síðast taldar fjórar jarðir vera undanþegnar gjaldi því, er um ræðir í síðustu grein, ef eigendur og ábúendur þeirra áður eða jafnsnemma því,

79 að þessi langgirðing kemst á, hafa afgirt lönd sín með þvergirðingu úr norð-
7. júní austurhorni girðingar Jóns í Árnesi, sem merki ráða í Hjeraðsvötn.

10. gr.

Komist þvergirðing sú á, er um ræðir í 9. gr., skal viðhaldskostnaður hennar greiddast jafnt eftir framtali frá öllum þeim heimilum, er taka þátt í girðingunni fyrir norðan Sveinsstaði.

11. gr.

Nú greiðir leiguliði girðingarkostnað af ábúðarjörð sinni, en fer syo frá henni innan 12 ára frá því, er girðingin er fullgerð, skal þá sá, er við jörðinni tekur, greiða honum kostnaðinn að meira eða minna leyti, og skulu hlutaeigendur í því efni hlíta úrskurði úttektarmanna.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 2 til 20 krónum, er renni í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.